


Eiríkur Smith sýnir á Kjarvalsstöðum

Á laugardag opnaði Eiríkur Smith listmálari stóra myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum, en þar sýnir listamaðurinn 97 verk, 44 olíumálverk og 53 vatnslitamyndir.

Eiríkur Smith er löngu þjóðkunnur listamaður og hefur haldið margar málverkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Hann mun fyrst hafa sýnt í Hafnarfirði árið 1948, en síðasta einkasýning hans var í Norræna húsinu árið 1972, eða fyrir fjórum árum síðan.

Við hittum Eirík að máli á Kjarvalsstöðum, þegar hann hafði lokið við að setja upp sýninguna, og hafði hann þetta um hana að segja:

— Þessar myndir eru málaðar á síðustu þrem árum og eru eins konar framhald af því skeiði sem hófst með því að ég féll frá hreinu abstraktformi og fór yfir í figuratíva myndgerð, oft hálfgerðan súrrealisma. Breytingin sem verður á síðustu árum, er líklega helzt sú, að málverkið hefur þróazt út í meiri realisma, en þá með ýmsu ívafi: málverkið er meira í fyrirrúmi en sagan. Þetta sést með því að bera saman myndirnar hérna og hefur einnig orðið ljósara fyrir mér við að sjá þessar myndir hanga uppi á einum stað.

— Þú ert með vatnslitamyndir?

— Já, ég hefi mikla unun af vatnslitum. Það er þó dálítlum örðugleikum háð að mála í senn með vatnslitum og olíulitum. Skiptingar milli efna eru eitt af því sem maður vill fresta. Ég hef því reynt að stjórna þessu dálítið eftir almanakinu. Hef á þessu ákveðna reglu. Ég mála einvörðungu með vatnslitum á sumrin ákveðinn tíma. Þannig tel ég að betri árangur náist en með því að vera með þessi tvö ólíku efni samtímis. Vatnslitirnir verða áhugaverðari eftir því sem maður notar þá meira.

— Þú ert með nokkrar mjög stórar myndir?

— Já. Ég hef gert tilraunir með stórar myndir, þær eru dálítið annarrar ættar, meira svona skreytilist kannski en hinar myndirnar, eða í þá áttina. Þar er a.m.k. að finna meiri einföldun en í hinum myndunum, þar sem meira er tekið með af smáatriðum.

— Og myndefnin?


— Þau eru flest frá sjávarsíðunni hérna á suðvesturhorninu. Fjaran eða fjörur sunnan frá Grindavík og hingað inneftir. Hér er Höfði, fullur af dularfullum stemmningum. Ég hafði lengi haft áhuga á því húsi, en hafði þó ekki komið því í verk fyrr að festa það á blað. Manneskjan fléttast svo meira og minna inn í þessar myndir, sagði Eiríkur Smith að lokum.

Sýning Eiríks Smith verður opin til 23. maí. Hún er opin daglega frá kl. 1600-2200, nema um helgar, þá frá kl. 1400-2200, þ.e. laugardaga og sunnudag, en á mánudögum eru Kjarvalsstaðir lokaðir að venju.

JG

Nú er hver síðastur að tryggja sér Skoda.

Síðustu sendingarnar á hinu einstaklega lága afmælisverði eru að verða uppseldar.



ŠKODA 30 ÁRA Á ÍSLANDI 1946-1976

TÉKKNESKA BIFREIÐAUMBOÐIÐ Á ÍSLANDI H/F.

AUÐBREKKU 44 KÓPAVOGI SÍMI 42600

AKUREYRI:
SKODA VERKSTÆÐIÐ A AKUREYRI HJF. ÓSEYRI 8.

EGILSTAÐIR:
VARAHLUTAV. GUNNARS GUNNARSSONAR.

Öruggur akstur í Kópavogi

20 hlutu verðlaun fyrir öruggan akstur

10. aðalfundur Klúbbsins ÖRUGGUR AKSTUR í Kópavogi var haldinn á Félagsheimilinu. Formaður klúbbsins, Ingjaldur Ísaksson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Þarna voru m.a. tilkynnt og afhent 20 verðlaunamerki Samvinnutrygginga fyrir 10 ára öruggan akstur, og hlutu 58 hliðstæða viðurkenningu fyrir 5 ára öruggan akstur.

Framsögumenn varðandi umferðaröryggismál almennt og viðleitni Klúbbanna ÖRUGGUR AKSTUR voru þeir Stefán Jasonarson, bóndi og hreppstjóri í Vorsabæ, formaður Landssamtaka klúbbanna, og Ingjaldur Ísaksson formaður klúbbsins og stjórnarmaður í LKL. Aðrir þátttakendur í umræðum voru Björgvin Sæmundsson, bæjarstjóri í Kópavogi, séra Þorbergur Kristjánsson, sóknarprestur í Digranessókn, og Baldvin Þ. Kristjánsson, félagsmálafulltrúi Samvinnutrygginga.

Að vanda voru allir boðnir velkomnir á þennan fund, eins og alla aðra fundi klúbbanna, en þó sérstaklega ungir ökumenn að þessu sinni. Fundurinn var allvel sóttur, milli 40 og 50 manns, þar af um helmingur ungt fólk. Var drepið á fjölmörg atriði til upplýsingar og hvatningar um varúð og aðgæzlu í umferðinni.

Það sem vakti einna mesta athygli var tilboð klúbbsins um að efna til fundar með fermingarbörnum og öðru ungu fólki í Kópavogi, eftir því sem samkomulag næðist um — en nokkrum sinnum áður hefur klúbburinn flutt umferðarþætti og sýnt kvikmyndir á samkomum aldraðs fólks í kaupstaðnum.

Ingjaldur Ísaksson, sem er með elztu starfandi bifreiðastjórum landsins, hefur verið formaður Kópavogsklúbbsins frá upphafi, og var nú endurkosinn í 11. sinn. Með honum í stjórnina voru endurkosnir Karl Einarsson byggingameistari og Sigurjón Ingi Hilaríusson kennari.

ÍSAL

Járniðnaðarmenn

Íslenzka Álfélagið óskar eftir að ráða nokkra járniðnaðarmenn nú þegar til 18. september 1976.

Nánari upplýsingar gefur ráðningarstjóri, sími 52365.

Umsóknareyðublöð fást hjá bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík og bókabúð Olivers Steins, Hafnarfirði.

Umsóknir óskast sendar sem fyrst í pósthólf 244, Hafnarfirði.

Íslenzka Álfélagið h.f.,
Straumsvík.